



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

SETNINGARRÆÐA Á HAFRÁÐSTEFNU GOOGLE

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson flutti í gær, miðvikudaginn 23. apríl, setningarræðu á hafráðstefnu Google sem haldin er í höfuðstöðvum fyrirtækisins í Kaliforníu.

Ráðstefnan fjallar um verndun auðlinda hafsins, nýtingu upplýsingatækni til að efla sjálfbærar fiskveiðar og hvernig styrkja megi eftirlit með veiðum og vinnslu. Jafnframt eru á ráðstefnunni rakin ýmis dæmi um árangursríkar aðgerðir á þessu sviði og rætt hvernig stuðla megi að samvinnu stjórnvalda, atvinnulífs og almennings í þágu verndunar hafanna, bæði innan og utan efnahagslögsögu einstakra landa.

Ráðstefnuna sækja sérfræðingar, vísindamenn og tæknifræðingar víða að úr veröldinni sem og ýmsir stjórnendur Google.

Í ræðunni lýsti forseti reynslu Íslendinga við að tengja saman upplýsingatækni og eftirlit með veiðum og vinnslu, sem og árangri við að nýta allan afla sem berst á land, m.a. þurrkun hausa, vinnslu heilsuvöru úr innyflum og tískuvöru úr roði. Á þann hátt nýti Íslendingar nú á arðbæran hátt um og yfir 90% af aflanum á meðan flestar aðrar fiskveiðipjóðir hendi um helmingi hans. Um leið og stefnt væri að sjálfbæru skipulagi veiða væri nauðsynlegt að breyta vinnsluaðferðum fyrirtækja í átt að fullri nýtingu.

Þá fjallaði forseti um mikilvægi varðveislu sjávarauðlinda á Norðurslóðum og ræddi hugsanlegt samstarf við Google um beitingu upplýsingatækni og gervihnatta í þessu skyni.

Kvöldið áður hélt forseti fyrirlestur í boði Alþjóðaráðs San Francisco og Samveldissamtaka Kaliforníu, World Affairs Council and

Commonwealth Club of California. Fyrirlesturinn, sem bar heitið *People and Ice: The new global significance of the Arctic and the Himalayas*, fjallaði um áhrif bráðnunar íss og jökla á Norðurslóðum og Himalajasvæðinu á samfélög, efnahagslíf og framtíðarhorfur.

Forseti rakti þróun aukinnar samvinnu á Norðurslóðum, bæði innan vébanda Norðurskautsráðsins og á öðrum vettvangi svo sem Hringborði Norðurslóða, Arctic Circle. Þá lýsti forseti hvernig reynsla íbúa Norðurslóða gæti nýst samfélögum og þjóðum á Himalajasvæðinu. Á síðustu þremur árum hefði verið unnið að samræðu og samvinnu í þessu skyni, bæði með fundum á Íslandi og annars staðar. Að fyrirlestri loknum svaraði forseti fyrirspurnum.

Ræður forseta og myndir má nálgast á heimasíðu embættisins.

24. apríl 2014

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).